

**Dreifibréf**

 Reykjavík, 1. október 2021  
 Tilvísun: OS2021030044/10.4  
 Verknúmer: 4353410

**Efni: Ákvörðun um val á söluaðila til þrautavara fyrir tímabilið 1. nóvember 2021 til 30. apríl 2022**

Orkustofnun hefur það hlutverk samkvæmt 5. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1150/2019 að velja söluaðila til þrautavara í samræmi við leiðbeiningar sem stofnunin setur á grundvelli reglugerðarinnar.

Lægsta birta meðalverð raforkusala á tímabilinu 1. mars 2021 til 31. ágúst 2021 var hjá raforkusölu-fyrirtækinu Íslenskri orkumiðlun ehf., krónur 6,495 á hverja kWh. samkvæmt meðfylgjandi töflu:

| Fyrirtæki               | Birt meðalverð til heimila<br>1. mars 2021 - 31. ágúst 2021 | Magn í kWh. | Kostnaður við<br>raforkukaup | Kostnaður við<br>raforkuviðskipti | Kostnaður alls |
|-------------------------|---|-------------|------------------------------|-----------------------------------|----------------|
| Íslensk orkumiðlun ehf. | 6,495   | 2.250       | 14.614                       | 0                                 | 14.614         |
| Straumlind ehf.         | 6,500   | 2.250       | 14.625                       | 0                                 | 14.625         |
| Orka heimilanna ehf.    | 7,300   | 2.250       | 16.425                       | 0                                 | 16.425         |
| Orkubú Vestfjarða ohf.  | 7,500   | 2.250       | 16.875                       | 0                                 | 16.875         |
| Fallorka ehf.           | 8,080   | 2.250       | 18.180                       | 0                                 | 18.180         |
| Orkusalan ehf.          | 8,080   | 2.250       | 18.180                       | 0                                 | 18.180         |
| Orka náttúrunnar ohf.   | 8,100   | 2.250       | 18.225                       | 0                                 | 18.225         |
| HS Orka hf.             | 8,110   | 2.250       | 18.248                       | 0                                 | 18.248         |

**Ákvörðunarorð**

Í samræmi við 5. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1150/2019 tilkynnist að raforkusali til þrautavara á tímabilinu 1. nóvember 2021 til 30. apríl 2022 er Íslensk orkumiðlun ehf.

Vakin er athygli á því að yfir stendur endurskoðun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins á ákvæði 5. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1150/2019. Verði gerðar breytingar á ákvæðinu, getur það valdið því að ákvörðun Orkustofnunar um val á söluaðila til þrautavara fyrir tímabilið 1. nóvember 2021 til 30. apríl 2022 verði felld úr gildi á næstu vikum eða mánuðum. Orkustofnun mun eftir atvikum grípa til viðeigandi ráðstafana í kjölfarið, verði ákvæðinu breytt.

Stjórnvaldsáskvarðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga og varða gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækis eða dreifiveitu sæta kærur til úrskurðarnefndar raforkumála sbr. 1. mgr. 30. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.



Guðmundur I Bergþórsson

F.h. Orkustofnunar



Hanna Björg Konráðsdóttir